

TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 1999/9/EB

frá 26. febrúar 1999

um breytingu á tilskipun 97/17/EB um framkvæmd tilskipunar ráðsins 92/75/EBE með hliðsjón af orkumerkingum uppþvottavéla til heimilisnota

(Texti sem varðar EES)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 92/75/EBE frá 22. september 1992 um merkingar og staðlaðar vörulýsingar á heimilistækjum er greina frá notkun þeirra á orku og öðrum aðföngum ⁽¹⁾, einkum 9. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 97/17/EB ⁽²⁾ er til framkvæmdar tilskipun 92/75/EBE með hliðsjón af orku-merkingum uppþvottavéla til heimilisnota.

Seinkun hefur orðið á þróun og samþykki mæliaðferða (EN 50242). Án samhæfðra mælistaðla er útilokað fyrir birgja að standa við skuldbindingar sínar samkvæmt tilskipun 97/17/EB. Því ber að fresta því að ákvæði þeirrar tilskipunar komi til framkvæmda.

Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem var komið á fót samkvæmt 10. gr. tilskipunar 92/75/EBE.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi komi í stað 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 97/17/EB:

„1. Aðildarríkin skulu samþykkja og birta lög og stjórnisýslufyrirmæli, sem eru nauðsynleg til að fara að

tilskipun þessari, eigi síðar en 28. febrúar 1999. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað. Þau skulu beita þessum ákvæðum frá 1. mars 1999.

Þó skulu aðildarríkin heimila til 31. júlí 1999:

— markaðssetningu, auglýsingu og/eða sýningu á vörum, og

— dreifingu prentaðra orðsendinga sem um getur í 4. mgr. 2. gr.

og eru í ósamræmi við ákvæði þessarar tilskipunar.

Þegar aðildarríkin samþykkja ákvæðin, sem um getur í fyrstu undirgrein, skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær eru birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.“

*2. gr.*Tilskipun þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.*3. gr.*

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 26. febrúar 1999.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Christos PAPOUTSIS

framkvæmdastjóri.⁽¹⁾ Stjútíð. EB L 297, 13. 10. 1992, bls. 16.⁽²⁾ Stjútíð. EB L 118, 7. 5. 1997, bls. 1.